

Hvað er Marteinsmessa ?

Nú er ein hátíð Waldorfskólans. Marteinsmessa eða luktarhátíð, á þriðjudaginn kemur, þann 11. nóvember. Þá er gaman að segja frá því hver er tilgangur þessarar fallegu hátíðar í skólastarfinu okkar.

Frá Frakklandi kemur sagan af heilögum Marteini, sem var ungur maður sem fór í gegnum borgarhlið í borginni Tours og sá þar betlara liggjandi við götuna. Maðurinn var varla klæddur og honum var ískalt. Þegar Marteinn sá hann tók hann sverðið sitt og hjó skikkju sína í tvennt og gaf manninum helming hennar. Næstu nótt dreymdi Marteinn draum, í draumnum sá hann engil sem var í eins skikkju og hann hafði gefið af. Eftir þessa upplifun helgaði hann sig velgengi allra, burtséð frá samfélagslegri stöðu. Marteinn varð dýrlingur þeirra sem minnst mega sín í þjóðfélaginu, betlara og útigangsmanna, þeirra sem er allstaðar úthýst. Hann var þekktur fyrir að vera hógvær, yfirlætislaus og að færa ljós og hlýju til þurfandi fólks.

Við stefnum nú í dimmasta tíma ársins og er þá en mikilvægara að tendra hlýju og ljós í hjörtum okkar. Við söknum og langar í birtu og yl sumarsins. Öll upplifum við okkur stundum einangruð eða hjálparþurfi.

Sagan um skikkju Marteins getur minnt okkur á að stíga fram og deila með þeim sem þurfa á að halda.



Ljósín sem skína blíðlega í luktunum okkar leiða okkur til ljóssins í

aðventugarðinum og áfram til sólstöðu og sýna að okkar innra ljós þarf



að skína enn bjartar á móti kuldanum.

Á meðan náttúran sefur,
verðum við að vera vakandi.

Sérstaklega á nú á tímum ættum við að leitast við að deila léttum og hlújum
tilfinningum, vera styðjandi við hvert annað og sýna umburðarlyndi, jákvæðni og samstöðu.
Í skólastarfinu mínum við okkur á þessa þætti í kringum 11. nóvember og hver bekkur
vinnur að sínum markmiðum í því að gefa og styðja.